

## Nartað í menningararfinn: skordýr í safnkosti

Ýmislegt ógnar öryggi safngripa og annarra menningarminja, og er eitt þeirra skordýr. Þau geta unnið mikinn skaða á fremur stuttum tíma og er því mikilvægt að fylgjast vel með allri skordýraumferð í geymslum og á sýningum safna.

Algengustu skordýrin sem finnast hérlendis í safneignum eru um sextán talsins, og eru ákveðnar bjöllu- og mölflugutegundir tíðastar. Að auki eru svo auðþekktanlegri skordýr eins og húsfluga og silfurskotta.

Hér eru teknar saman helstu upplýsingar<sup>1</sup> um þessa óvelkomnu gesti, að hverju þeir laðast helst og hvaða ráðum má beita til þess að minnka hættuna á skordýraskaða.

### Algengustu skaðvaldarnir

#### ☒ Bjöllur

##### **Gærubjöllur: hamgæra, búrgæra, feldgæra**

Lirfurnar sjást sjaldan enda eru þær ljósfælnar, éta sig inn í safngripa og fela sig þar. Fullorðin dýr sækja í ljós og finnast því gjarnan í gluggakistum og ljósakrónum.

*Skaðar: textíl, leður, skinn, málverk, náttúrugripa.*



Hamgæra, lirfa og fullorðið dýr

##### **Títlubjöllur: veggjatítla, húspjófur, brauðtítla, hveitibjalla**

**Veggjatítla** getur fundist í byggingarvið húsa. Í gömlum timburhúsum má stundum finna afmarkaða staði þar sem veggjatítlur geta þrífist, t.d. þar sem húshitun nær ekki til: á háaloftum, í kjöllum og útveggjum, eða þar sem vatnsleki hefur orðið.

**Húspjófur** þrífst jafnt í upphituðum sem óupphituðum húsakynnum og þolir töluvert lægra hitastig en margar aðrar bjöllur.

**Brauðtítla** sækir í ljós.

**Hveitibjalla** þrífst best í góðum hita (kjörhiti 28°C).

*Skaðar: pappír, við, leður, skinn, málverk, náttúrugripa*



Veggjatítla

**Húsvinur** finnst í híbýlum þar sem mygla er til staðar.

**Göt í málverki eftir veggjatítlu**



<sup>1</sup> Fyrir nákvæmari upplýsingar er vísað í *Handbók um varðveislu safnkosts II (2018), Kafli IV: Lífrænrir skaðvaldar*, bls. 155-194.

## ☒Mölflugur

### Mölfíðrildi: fatamölur og ullarmölur.

Lirfurnar skaða með viðstöðulausu áti sínu. Mölfíðrildi eru ljósfælin, halda sig í dimmum hornum, skápum eða geymslum og láta lítið fyrir sér fara.

*Skaðar: textíl, leður, skinn, málverk, náttúrugripi*



Göt í fóðri veggteppis, líklega eftir

### Lítill fiðrildi: húsmotti og

Lifa jafnt í upphituðum sem

*Skaðar: pappír, leður, skinn,*



mölfíðrildi

### gestamotti.

lítt hituðum húsakynnum.

*málverk, náttúrugripi*

Gestamotti

## Önnur algeng skordýr sem geta valdið skaða

**Kakkalakkinn** er ljósfælinn og er helst á ferð á nóttunni.

*Skaðar: pappír, leður, skinn, náttúrugripi*

**Silfurskottur** þrífast best við 25–30°C og 75–97% raka.

Skotturnar eru sérlega skæðar í dimmum og rökum geymslum.

*Skaðar: pappír, textíl, málverk*



Silfurskottuétinn pappír



Húskakkalakki



Silfurskotta

**Húsflugur** vaxa hægt í köldu umhverfi, en 25–35°C er sá hiti sem þær þrífast best við.

Lirfurnar lifa á margs konar úrgangi en fullorðnu flugurnar á sykri og fljótandi fæðu

*Skaðar: pappír, málverk*

**Ryklús** geta verið hvímeiðar nái þær miklum fjölda. Tilvist þeirra bendir til þess að raki og mygla séu til staðar.

*Skaðar: pappír, textíl*



Ryklús

## Hver er hvar?

Mikilvægt er að greina dýrin þar sem þau valda ekki öll skaða. Þegar ummerki skordýra finnast er ráðlagt að byrja á því að skoða efni griparins sem þá auðveldar greiningu.

| Gripur<br>Efni   | Skordýr                                   | Skemmdir   |
|--|---|--|
| <b>Pappír</b><br>t.d.:<br>-bækur<br>-skjöl<br>-ljósmyndir<br>-teikningar<br>-vatnslitamyndir<br>-pastelmyndir      | Veggjatítla (lirfan)                      | Hringlaga göt.   |
|  | Silfurskottur                             | Tætt yfirborð.   |
|  | Húsflugur                                 | Blettir úr súrum úrgangi.  |
|  | Kakkalakkar                               | Illþefjandi úrgangur sem veldur skemmdum.                            |
|  | Ryklús                                    | Staðfestir tilvist raka og myglu.                                    |
|  | Brauðtítla                                | Sag og göt.  |
|  | Gestamotti                                | Leifar af púpum. Göt.  |
| <b>Viður</b><br>t.d.:<br>-rammar, altaristöflur,<br>húsgögn, leikföng, verkfæri                                    | Veggjatítla (lirfan)                      | Göng inni í viðnum.<br>Hringlaga göt.<br>Sag.<br>Skítur.             |
| <b>Textíll (lífrænn)</b><br>t.d.:<br>-ull<br>-fiður<br>-fatnaður<br>-bólstruð húsgögn                              | Kakkalakkar                               | Illþefjandi úrgangur sem veldur skemmdum.                            |
|  | Silfurskottur                             | Tætt yfirborð.   |
|  | Fatamölur, ullarmölur                     | Leifar af púpum. Göt.  |
|  | Ryklús                                    | Staðfestir tilvist raka og myglu.                                    |
|  | Búrgæra, feldgæra                         | Lirfuhamir.  |
| <b>Leður og skinn</b>  | Kakkalakkar                               | Illþefjandi úrgangur sem veldur skemmdum.                            |
|  | Húspjófur og brauðtítla                   | Sag og göt.  |
|  | Húsmotti                                  | Leifar af púpum. Göt.  |
|  | Búrgæra, hamgæra, feldgæra                | Lirfuhamir.  |
|  | Ullarmölur                                | Leifar af púpum. Göt.  |
| <b>Málverk</b>   | Mölflugur (mölfíðrildi og lítil fiðrildi) | Leifar af púpum. Göt.  |
|  | Silfurskottur                             | Tætt yfirborð.   |
|  | Bjöllur (gærubjöllur og títlubjöllur)     | Göt í lérefti og við (t.d. blindamma). Sag.                          |
|  | Húsfluga                                  | Súr úrgangur, skilur eftir bletti.                                   |
| <b>Náttúrugripir</b><br>t.d.:<br>-þurrmeti úr plöntu- og dýraríkinu<br>-dauð skordýr<br>-bambus<br>-uppstoppuð dýr | Hveitibjalla                              | Gefur frá sér gulan vökva sem lyktar af sóttreinsunarefni eða tjöru. |
|  | Búrgæra, hamgæra, feldgæra                | Lirfuhamir.  |
|  | Ullarmölur                                | Leifar af púpum.<br>Göt.   |
|  | Gestamotti, húsmotti                      | Leifar af púpum.<br>Göt.   |
|  | Húspjófur, brauðtítla                     | Sag og göt.  |

## Hvað skal gera? Skordýraeftirlit: fyrirbygging, greining og meðferð

### Fyrirbygging

Allt starfsfólk safnsins skal vera á varðbergi gagnvart skordýrum innanhúss. Þetta er hægt að gera með því að: halda geymslum og sýningarsölum hreinum, grandskoða allan safnkost sem kemur í hús og helst setja í einangrun í einhvern tíma, stýra hita-og rakastigi og setja saman áætlun um það hvernig skal meðhöndla gripi sem orðið hafa fyrir skordýraárás.

### Vöktun og greining skordýra

Ekki eru öll skordýr í umhverfi safngripa þeim skaðleg, því er skordýragreining mikilvæg. Með því að nota límgildirur er hægt að fanga þau skordýr sem eru í umhverfi safngripanna og í framhaldinu greina þau. Ef þau reynast vera skaðlaus safngripum eins og t.d. köngulær og járnsmiðir er óþarfi að fara í miklar aðgerðir.

### Uppræting skordýra

Ef þekktir skaðvaldar finnast í umhverfi safngripa þarf að fara í aðgerðir til þess að uppræta þau. Nokkrar aðferðir hafa verið notaðar hér á landi, t.d. djúpfrysting, súrefnistæming og skordýraeitur.

**Myndir:**

Allar myndir eru úr *Handbók um varðveislu safnkosts II (2018)*, birt með góðfúslegu leyfi ritstjóra, Nathalie Jacqueminet.

**Heimildir:**

*Handbók um varðveislu safnkosts II (2018)*, Kafi IV: *Lífrænir skaðvaldar*, bls. 155-194.  
- <http://www.thjodminjasafn.is/media/forvarsla/Handbok-um-varðveislu-safnskost-seinna-bindi-03-2018.pdf>

Nátturufraeðistofnun  
- <https://www.ni.is/>

Náttúruminjasafn Íslands  
- <https://nmsi.is/>

- [www.visindavefur.is](http://www.visindavefur.is)

- [www.skordyr.is](http://www.skordyr.is)

*The Care and Handling of Art Objects: Practices in the Metropolitan Museum of Art* by Marjorie Shelley (New York: The Metropolitan Museum of Art, 1987).  
file:///Users/kristindeghetaldi/Downloads/The\_Care\_and\_Handling\_of\_Art\_Objects\_Practices\_in\_The\_Metropolitan\_Museum\_of\_Art.pdf

Thompson, J. M. A.: *Manual of Curatorship: A Guide to Museum Practice*. Oxford ; Boston : Butterworth-Heinemann, 1992.

Kristín Gísladóttir janúar 2020